

ÁF-Hús ehf

Bæjarlind 12  
201 Kópavogi

**Tegund skoðunar:** Takmörkuð úttekt 26.7.2018

**Staðsetning skoðunar:** Álalind 14

**Deild:**

**Eftirlitsmaður:** [REDACTED]

**Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:**

[REDACTED] byggingastjóri  
[REDACTED] verkstjóri

Frá VER [REDACTED] eftirlitsmaður

### Upplýsingar tengdar heimsókn:

Vinna bönnuð við niðurrif á verkpöllum á norðurhlíð nýbyggingar Álalind 14 Kópavogi vegna skorts á fallvörnum. Unnið er við niðurrif á verkpöllum (3 hæðir eftir). Haft var samband við stjórnanda ÁF húss á mánudaginn 23.júlí kl. 16:15. Stjórnandinn ætlaði að ræða við verkstjóran um að bæta öryggi starfsmanna sem væru að taka niður verkpallana. Starfsmenn héldu áfram að taka niður verkpallana án fallvarna. Tilkynna skal úrbætur til Vinnueftirlitsins svo hægt sé að meta hvort vinna verði leyfð að nýju. Tilkynningu má senda á [REDACTED]. Að öðrum kosti er hægt að senda í tölvupósti [vinnueftirlit@ver.is](mailto:vinnueftirlit@ver.is)

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]**

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

### Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Vinna var bönnuð við niðurrif verkpalla á norðurhlið nýbyggingar í Álalind 14 vegna skorts á fallvörnum. Húsið er 12 hæðir en verkfallarnir voru 3 hæðir.

Vinnueftirlitið hafði samband við stjórnanda ÁF húss á mánudag 23.júlí kl. 16:15, þá sagði hann að það væru 6 hæðir eftir að taka niður af verkpöllum og ætlaði hann að ræða við verkstjórnann um að bæta öryggi starfsmanna sem væru að taka niður verkfallanna. Greinilega varið haldið áfram að taka niður pallana án fallvarna þar sem 3 hæðir eru eftir við skoðun í dag. Enginn fallvarnarbúnaður var á staðnum.

Fyrirmæli

Öll vinna er bönnuð við niðurrif verkpalla á norðurhlið Álalindar 14 (verkpallar á 3 hæðum) þangað til búið er að tryggja öryggi starfsmanna með fullnægjandi fallvörnum. Gera skal áhættumat fyrir niðurrif á verkpöllum og skilgreina forvarnir gegn fallhættu.

Óheimilt er að leyfa vinnu á ný nema að fengnu samþykki Vinnueftirlitsins. Einnig gildir þetta fyrir uppsetningu verkpalla.

Lög & reglur:

547/1996, b. hluti 16.gr.: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999 920/2006, 26.-30.gr.: Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum 46/1980, 85. gr.: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi 729/2018, 7.gr.: Reglugerð um röraverkpalla

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

26/7/18 [REDACTED]

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

#### **Andmælaréttur**

Samkvæmt 13. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

#### **Áfrýjun úrskurða**

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.

